

# Lög

## um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um landmælingar og grunnkortagerð (tímabundin setning forstjóra).

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

##### 1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að framlengja tímabundna setningu forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands til 30. september 2024. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um setningu í embættið til þess tíma.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006.

##### 2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að framlengja tímabundna setningu forstjóra Landmælinga Íslands til 30. september 2024. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um setningu í embættið til þess tíma.

##### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 16. desember 2023.